

Hverfisráð Vesturbæjar

Ár 2016, fimmtudaginn 12. maí, var haldinn 146. fundur hverfisráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn í Vesturgarði og hófst kl. 12.00. Viðstödd voru: Sverrir Bollason, Bjarni Sigurðsson, Marta Guðjónsdóttir, Börkur Gunnarsson og Rakel Dögg Óskarsdóttir áheyrnarfulltrúi. Áheyrnafulltrúi frá Íbúasamtökum Vesturbæjar var Birgir Þröstur Jóhannsson. Einnig sátu fundinn Sigprúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri í Vesturgarði, og Hörður Heiðar Guðbjörnsson verkefnastjóri í Vesturgarði sem jafnframt ritaði fundargerðina.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á hugmyndum af hjólabrettaaðstöðu í Vesturbæ Reykjavíkur.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Vesturbæjar hefur kynnt sér tillögur Íbúasamtaka Vesturbæjar um aðstöðu til hjólabrettaiðkunar. Af þeim valkostum sem kynntir voru list ráðinu vel á staðsetningu við hringtorg við Ánanaust, Mýrargötu og Grandagarð. Hverfisráðið sér fyrir sér að reyna mætti einhverja aðstöðu til bráðabirgða á þessum stað til að meta hvort staðsetningin henti fyrir starfsemina.

2. Fram fer kynning á hugmyndum um uppbyggingu á KR- svæðinu.

Pétur Hafliði Marteinsson og Guðmundur Kristján Jónsson frá fyrirtækinu Borgarbragur taka sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Fram fer kynning á flutningi Vesturgarðs að Laugavegi 77.

4. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Framsókn og flugvallarvinir óska eftir upplýsingum um það af hverju er ekki enn búið að laga leikvöllinn á Aflagrandi. Rennibrautin er enn í tveimur bútum síðan í september og er þetta slysagildra. Búið er að setja girðingu fyrir núna en væri ekki nær að setja rennibrautina saman svo börnin í hverfinu geti leikið sér þarna. En ekkert bólar á því að ljúka uppsetningu og frágangi. Hvar stendur þetta mál í kerfinu?

5. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn Framsóknar og flugvallarvina:

Framsókn og flugvallarvinir hafa fengið ábendingar um að það verði mikil fækkun í ákveðnum árgöngum leikskóladeilda í Vesturbænum í haust. Svo mikil að umræður eru uppi við leikskólann Mýri að leggja hann niður og að leikskólinn Ós taki húsnæðið yfir og hann sjálfann. Hver er staðan á því máli í dag? Hver er staðan á öðrum leikskólum í Vesturbænum? Þarf að fækka deildum eða loka deildum á öðrum leikskólum í Vesturbænum?

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks:

Fulltrúar sjálfstæðismanna leggja til að skólamál í hverfinu verða rædd á næsta fundi og þá sérstaklega leikskóla- og eineltismál.

Fundi slitið kl. 13.10

Sverrir Bollason (sign)

Bjarni Þór Sigurðsson (sign)
Marta Guðjónsdóttir (sign)

Börkur Gunnarsson (sign)